

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf nr. 560/2009 með síðari breytingum.

1. gr.

Við e-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 811/2014, bætist:
Sé vegabréfshafi látinn má miðla myndum úr vegabréfaskrá til nánustu venslamanna viðkomandi. Með nánasta venslamanni er átt við maka, foreldra, börn, barnabörn eða systkini hins látna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 11. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 18. ágúst 2016.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. ágúst 2016